

Nr. 073 / 11 Smyrill AK 56**Vélarbilun og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6470
Smíðaður: Vestmannaeyjum 1983, plast
Stærð: 3,5 brl. 2,5 bt.
Mesta lengd: 6,35 m Skráð lengd: 6,02 m
Breidd: 2,25 m Dýpt: 1,38 m
Vél: Volvo Penta 77 kW, 2000
Fjöldi skipverja: 2

Gögn:
Gögn RNS



Smyrill ©Alfons Finnsson

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. nóvember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 7. júní 2011 var Smyrill AK 56 á siglingu vestur af Akranesi. Veður: Logn.

Aðvörunarkerfi vélarinnar gaf til kynna að smurolúþrýstingur væri fallinn og í ljós kom að lítil sem engin smurolía var eftir á vélinni og hún að mestu komin niður í kjalsog. Skipstjóri óskaði eftir aðstoð og björgunarbáturinn Margrét Guðbrandsdóttir dró Smyrill AK til Akranes.

Við rannsókn kom fram:

- að smurolútappi neðst á vélinni hafði ekki verið hertur nóg við nýlega upptekt á vélinni. Hann hafði síðan losnað af eftir að vélin fór að ganga;
- að upptektin á vélinni var gerð á verkstæði og tók eigandi þátt í henni.

Nefndarálit:

Orsök atviksins má rekja til slæms frágangs eftir viðgerð á vélinni.